

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 9. mars 2020
UST202001-494/F.P.
09.03

Umsögn Umhverfisstofnunar um framkomnar athugasemdir vegna tillögu að friðlýsingu háhitasvæðis Gjástykkis: 100 Gjástykkki

Þann 14. janúar 2013 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða, rammaáætlun. Í 6. gr. laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun er fjallað um verndarflokkinn en þar kemur fram að í hann falla virkjunarkostir sem ekki er talið rétt að ráðast í og landsvæði sem ástæða er talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu. Þar kemur jafnframt fram að stjórnvöldum er ekki heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknum eða orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem eru í verndarflokki eða eru á svæðum sem ástæða er talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu. Aðrar orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar eru ekki heimilar á þessum svæðum að því undanskildu að heimilt er að veita leyfi til yfirborðsrannsókna á þessum svæðum að fengnu samþykki Umhverfisstofnunar og umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Umhverfisstofnun er falið það hlutverk, samkvæmt lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun, að undirbúa friðlýsingu þeirra tuttugu svæða sem flokkuð voru í verndarflokk í þingsályktuninni. Umhverfisstofnun hóf árið 2013 undirbúning friðlýsinga á grundvelli þingsályktunarinnar þ.m.t. ráðningu starfsfólks, undirbúning verkferla, öflun upplýsinga um eignarhald o.fl. Afmörkun svæða lá ekki fyrir og var því leitað samráðs við Náttúrufræðistofnun Íslands, umhverfis- og auðlindaráðuneytið, sveitarfélög, landeigendur o.fl. hvað það varðar. Sú vinna var komin á rekspöl þegar fjármagn til verkefnisins féll niður í lok 2013.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Íslands, frá nóvember 2017, er lögð sérstök áhersla á friðlýsingar kosta í verndarflokk rammaáætlunar. Í kjölfarið efndi umhverfis- og auðlindaráðherra til sérstaks átaks í friðlýsingum til að framfylgja þeirri stefnu. Þar sem ekki var skýrt hver mörk þess svæðis voru sem bar að friðlýsa samkvæmt þingsályktun Alþingis um vernd og orkunýtingu landsvæða vann umhverfis- og auðlindaráðuneytið

svæðaafmörkun sem send var Umhverfisstofnun þann 9. júlí 2019. Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 hóf Umhverfisstofnun kynningu á tillögu að friðlýsingu háhitasvæðis Gjástykki: 100 Gjástykki.

Tillaga að friðlýsingu háhitasvæðis Gjástykki var lögð fram til kynningar þann 29. júlí 2019. Tillaga að friðlýsingu byggir á flokkun virkjunarkostsins í verndarflokk, sbr. þingsályktun nr. 13/141 um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða og 6. gr. laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Tillaga að friðlýsingarskilmálum og afmörkun svæðisins voru send sveitarfélögum sem tillagan nær til og náttúruverndarnefndum þeirra, landeigendum, Ríkiseignum og öðrum sem hagsmuna eiga að gæta með bréfum dagsettu 23. júlí 2019. Tillagan var jafnframt auglýst í Lögbirtingarblaði, í Fréttablaðinu og á heimasíðu Umhverfisstofnunar sbr. 2. mgr. 36. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Auk þess var auglýsing um tillöguna birt á facebook síðu Umhverfisstofnunar. Frestur til að skila inn ábendingum og athugasemdum var til og með 30. október 2019. Alls bárust 14 athugasemdir á kynningartíma. Sneru athugasemdirnar helst að afmörkun svæðisins, tillögu að friðlýsingaskilmálum og málsmeðferð. Hér verður gerð grein fyrir öllum þeim athugasemdum sem bárust á kynningartíma og viðbrögðum við þeim.

1. Afmörkun svæðisins

Í bréfi, dagsettu 30. október 2019, kemur fram að Landsvirkjun telji að ekki sé um að ræða lögmæta né réttmæta málsmeðferð þar sem hvorki verkefnisstjórn né þingið hafi afmarkað landsvæði til friðlýsingar.

Með bréfi, dagsettu 29. október 2019, leggst Daði Lange Friðriksson, landeigandi í Reykjahlíð, gegn friðlýsingu og telur hana ekki unna í sátt og samvinnu við landeigendur. Hann segir kort og önnur gögn sem send voru til landeigenda ónákvæm og vinnubrögð við gerð þeirra óvönduð og ekki sæmandi verkefninu.

Með bréfi, dagsettu 29. október 2019, gera Garðar Finnsson og Hilmar Finnsson, landeigendur í Reykjahlíð, athugasemdir við gögn sem send voru landeigendum og telja þau ónákvæm. Þeir óska eftir gögnum sem eru nothæf, einföldum upplýsingum eins og GPS punktum fyrir þetta svæði sem á að vera 52 km^2 .

Í bréfi, dagsettu 29. október 2019, gerir Bryndís Jónsdóttir athugasemd við gögn sem fylgdu bréfi Umhverfisstofnunar til landeigenda. Hún telur kortið vera tekið af kortasjá af ódýrustu gerð og að ekki sé hægt að gera sér grein fyrir hvernig línumnar sem þar eru dregnar liggi í landinu, einnig vanti GPS punkta og einungis sé tekið fram að flatarmál verndarsvæðisins sé 52 km^2 . Bryndís veltir fyrir sér hvort þetta sé með vilja gert svo að ráðherra sé ekki bundin af neinum stærðartaksmörkunum og hún segir að dæmin sanni að

það geti verið himinn og haf á milli þess sem kynnt er fyrir landeigendum og því sem endanleg tillaga segir til um.

Umsögn Umhverfisstofnunar

Í október 2018 hóf Umhverfisstofnun undirbúning að friðlýsingu fimm svæða með virkjunarkostum sem flokkaðir voru í verndarflokk rammaáætlunar. Í bréfi, dagsettu 11. febrúar 2019, óskaði Umhverfisstofnun eftir afstöðu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til athugasemda varðandi málsmeðferð, aðferðafræði sem notuð var við gerð tillagnanna og afmörkun svæða sem bárust á kynningartíma þeirra mála. Tillögurnar voru unnar samkvæmt leiðbeiningum umhverfis- og auðlindaráðuneytis og var því óskað eftir afstöðu þess til framangreindra atriða. Svar umhverfis- og auðlindaráðuneytisins barst 24. apríl 2019. Þar sem margar af þeim athugasemdum sem gerðar eru vegna tillögu að friðlýsingu virkjunarkostsins 100 Gjástykki snúa að sömu atriðum og þeim sem áður hafa verið gerðar vegna sambærilegra mála á svar umhverfis- og auðlindaráðuneytis, dags. 24. apríl 2019, einnig við hér.

Hvað varðar athugasemdir um að hvorki sé um að ræða lögmæta né réttmæta málsmeðferð þar sem að hvorki verkefnisstjórn né þingið hafi afmarkað landsvæði til friðlýsingar vísar Umhverfisstofnun til framangreinds bréfs umhverfis- og auðlindaráðuneytisins frá 24. apríl 2019.

Í svari ráðuneytisins kemur fram að vegna þeirra athugasemda um að samkvæmt 3. mgr. 10. gr. laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun, eigi verkefnisstjórn að vinna afmörkun virkjunar- og verndarsvæða bendir ráðuneytið á að 1.- 3. gr. laganna tók gildi við samþykkt þeirra 20. maí 2011. Hins vegar tóku önnur ákvæði laganna ekki gildi fyrr en Alþingi samþykkti fyrstu tillögu til þingsályktunar um verndar- og orkunýtingaráætlun þann 14. janúar 2013. Fyrirhugaðar friðlýsingar byggja á þeiri áætlun og því var það ekki orðið lögþundið hlutverk verkefnisstjórnarinnar að afmarka verndarsvæðin fyrr en eftir að fyrsta verndar- og orkunýtingaráætlunin var samþykkt á Alþingi. Ráðuneytið bendir á að afmörkun svæðanna var unnin með þeim hætti að horft var til athugasemda í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 48/2011.

Hvað varðar ábendingar um að kort af svæðinu sé ónákvæmt og óskir um frekari gögn hefur Umhverfisstofnun vísað þeim athugasemdum til umhverfis- og auðlindaráðuneytis.

Hvað varðar athugasemdir um að GPS punkta vanti þá er hnitaskrá svæðisins sem kortið sýnir á heimasíðu Umhverfisstofnunar og hefur verið aðgengileg þar síðan 30. júlí 2019. Kortið sem fylgdi bréfi því var teiknað eftir sömu hnitu.

Hvað varðar athugasemd um að ósamræmi sé á milli tillögu að friðlýsingu sem kynnt er

landeigendum og endanlegrar tillögu þá er er ekki ljóst til hvaða dæma er vísað í athugasemdinni. Umhverfisstofnun mun ekki leggja til breytingar á mörkum eða friðlýsingarskilmálum svæðisins frá þeirri tillögu sem auglýst var og kynnt var fyrir landeigendum og stofnunin bendir á að ekki hafi komið fram athugasemdir sem gefi tilefni til að gera breytingar á mörkum eða friðlýsingarskilmálum.

2. Auglýsing um friðlýsingu svæðisins

Með bréfi, dagsettu 29. október 2019, leggst Daði Lange Friðriksson, landeigandi í Reykjavík, gegn friðlýsingu og telur hana ekki unna í sátt og samvinnu við landeigendur. Daði segir bréf Umhverfisstofnunar sýna að ekki verði tekið tillit til umsagna landeiganda, þar sem það virðist þegar búið að ákveða friðlýsinguna, sbr. setninguna: „Eftir að þriggja mánaða kynningartíma lýkur tekur Umhverfisstofnun saman umsögn um framkomnar athugasemdir við tillöguna og vísar tillögu að friðlýsingarskilmálum til ráðherra.“

Í bréfi, dagsettu 29. október 2019, lýsir Bryndís Jónsdóttir að tilgangslaust sé að skila inn vel rökstuddri umsögn gegn boðaðri friðlýsingu þar sem ekki verði tillit tekið til andstöðu landeigenda við hana, eins og hún segir dæmin sanna. Hún vísar í bréf Umhverfisstofnunar, þar sem stendur: „Eftir að þriggja mánaða kynningartíma lýkur tekur Umhverfisstofnun saman umsögn um framkomnar athugasemdir við tillöguna og vísar tillögu að friðlýsingarskilmálum til ráðherra.“ Hún segir ríkisvaldið einungis vera að uppfylla lagaskyldu um samráð og strá ryki í augu almennings um vandaða stjórnsýslu í anda lýðræðisins – sem sagt samráð í orði en ekki á borði – en viðhefur síðan einræðistilburði þegar til kastanna kemur. Hún segir þetta hreina og klára valdaníðslu.

Garðar Finnson og Hilmar Finnson telja að formleg kynning hafi ekki farið fram á friðlýsingunni og því sé ekki hægt að taka ákvörðun um hver hin eiginlega friðlýsing sé í raun og veru. Þeir óska eftir nánari kynningu.

Umsögn Umhverfisstofnunar

Hvað varðar athugasemdir um að ekki verði tillit til umsagna landeigenda þar sem þegar sé búið að ákveða friðlýsinguna bendir Umhverfisstofnun á að samkvæmt 6. gr. laga nr. 48/2011 falla í verndarflokk virkjunar kostir sem ekki er talið rétt að ráðast í og landsvæði sem ástæða er talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu. Þá segir jafnframt að stjórnvöld skulu, þegar Alþingi hefur samþykkt verndar- og orkunýtingaráætlun, hefja undirbúning að friðlýsingu þeirra landsvæða. Með samþykkt Alþingis á ályktun um rammaáætlunar hefur verið lagt fyrir Umhverfisstofnun að undirbúa friðlýsingu svæða í verndarflokki. Í 1. mgr. 53. gr. náttúruverndarlaga segir: „Svæði sem falla í verndarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar sem Alþingi hefur samþykkt skal friðlýsa gagnvart orkuvinnslu.“. Stofnunin tekur við ábendingum og athugasemnum um fyrirkomulag og útfærslu

friðlýsingar eins í því ferli sem staðið hefur yfir undanfarna mánuði. Berist athugasemdir sem gefa tilefni til breytinga á mörkum svæðisins eða friðlýsingaskilmálum, er unnið úr þeim athugasemnum og gerð grein fyrir þeim breytingum sem gerðar eru eftir auglýsingatíma. Dæmi eru um að gerðar hafi verið breytingar á friðlýsingarskilmálum og mörkum svæða í kjölfar athugasemda sem bárust frá hagsmunaaðilum. Setningin „*Eftir að þriggja mánaða kynningartíma lýkur tekur Umhverfisstofnun saman umsögn um framkomnar athugasemdir við tillöguna og vísar tillögu að friðlýsingarskilmálum til ráðherra.*“ sem vísað er til í tveimur umsögnum lýsir því hlutverki sem Umhverfisstofnun er falið sbr. 3. mgr. 36. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Hvað varðar athugasemdir um að formleg kynning hafi ekki farið fram á friðlýsingunni bendir Umhverfisstofnun á að erindi var sent landeigendum allra jarða sem eiga landsvæði innan svæðisins sem um ræðir, sveitarfélagi og fleiri hagsmunaaðilum. Í erindinu var upplýst um fyrirhugaða friðlýsingu, þær takmarkanir sem hún hefur í för með sér á orkuvinnslu varmaafls 50 MW eða meira og rétt til bóta. Þá var einnig tekið fram að friðlýsingin hefur ekki áhrif á nýtingu á svæðinu aðra en framangreinda orkuvinnslu. Er það í samræmi við ákvæði 2. mgr. 53. gr. laga un náttúruvernd þar sem segir: „Friðlýsingin felur í sér að orkuvinnsla er óheimil á viðkomandi svæði.“ Auk þess voru birtar opinberar auglýsingar um fyrirhugaða friðlýsingu svæðisins. Sú málsmeðferð sem viðhöfð er í málinu er að mati Umhverfisstofnunar í fullu í samræmi við ákvæði 39. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem fram kemur að Umhverfisstofnun skuli gera drög að friðlýsingarskilmálum og leggja fyrir landeigendur og aðra rétthafa lands, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Í greininni kemur jafnframt fram að kynna skuli landeigendum og öðrum rétthöfum lands rétt til bóta og að frestur til að gera athugasemdir við fyrirhugaða friðlýsingu skuli vera þrír mánuðir. Í kjölfarið skal Umhverfisstofnun vísa málinu til ráðherra með tillögum að friðlýsingarskilmálum og gera grein fyrir hvort náðst hafi samkomulag um friðlýsinguna við hlutaðeigandi aðila.

3. Málsmeðferð

Í bréfi, dagsettu 31. október 2019, bendir Samorka á að áður hafi verið sendar inn umsagnir frá Samorku um friðanir nokkurra orkunýtingarkosta og vísa samtökin til þeirra umsagna. Þar hafa einnig komið fram athugasemdir um þá aðferðarfræði sem beitt hefur verið við afmörkum friðlýsingarinnar. Samorka vísar í vef ráðuneytisins, þar sem finna megi „spurningar og svör“ vegna umræðna um að forsendur um friðanir á grundvelli þingsályktunar nr. 13/141 frá 14. janúar 2013 standist ekki skoðun. Samorka telur að þar sé ekki gætt að grundvallarsjónarmiðum um lögskýringar; að lesa þurfi lögskýringargögn í heild sinni en ekki taka eina tiltekna setningu út af því hún þyki henta fyrirfram gefinni niðurstöðu. Samorka bendir á að þingsályktunin hafi verið samþykkt þann 14. janúar 2013 og sama dag hafi lög um verndar- og orkunýtingaráætlun tekið gildi í heild sinni. Tillaga verkefnisstjórnarinnar og þar með þingsályktunin hafi því verið unnin áður en málsmeðferðareglur laganna tóku gildi, en í þeim felast m.a. verklagsreglur sem verkefnisstjórn og faghópar skulu vinna eftir. Verkefnisstjórn rammaáætlunar 2 hafi sem

sagt aldrei unnið eftir þessum reglum því þær hafi ekki verið til. Verkefnisstjórnin hafi því á þessum tíma (fyrir 2011/2013) ekki haft það hlutverk að vinna afmörkun á virkjunarsvæðum eða virkjunarkostum. Af því leiðir að afmörkun virkjunarsvæða eða virkjunarkosta hafi ekki verið hluti af tillögu verkefnisstjórnar og því ekki heldur orðið hluti af þingsályktun Alþingis. Rammaáætlun 2 hafi því skort öll fyrirmæli um hver væru mörk virkjunarsvæða eða virkjunarkosta og þingsályktunin því mjög ófullkomin að þessu leyti. Samorka segir að umhverfis- og auðlindaráðherra hafi ákveðið að lög og þar með verklagsreglur, sem ekki voru til þegar verkefnisstjórn vann tillögu að ramma 2 og ekki voru í gildi þegar þingsályktunin frá 2013 var samin og samþykkt, skuli veita leiðsögn um mörk friðunar. Í kynningu ráðuneytis umhverfis- og auðlindamála er vísað til þess að í greinargerð með frumvarpi til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun, sem urðu að lögum 48/2011, komi fram leiðsögn um þetta. Vísað er þar til VI. kafla í greinargerðinni sem ber heitið „Um virkjunarkosti og afmörkun þeirra“. Samorka segir að þar sé farin sú leið að grípa eina setningu af mörgum og hún notuð sem grundvöllur ákvörðunar um mörk friðlysingar. Setningin er svona: „Virkjunarsvæði í vatnsafl miðast almennt við allt vatnasvið fallvatnsins ofan þeirrar virkjunar sem nýttir fallið og farveg fallvatnsins neðan virkjunar.“ Samorka bendir á að horfa þurfi á VI. kafla greinargerðarinnar í heild sinni. Í þeim kafla sjáist að stóra málið sé að greina á milli virkjunarkosta og virkjunarsvæða. Samorka minnir á að rammaáætlun 2, þingsályktun nr. 13/141 frá 14. janúar 2013, fjalli um virkjunarkosti og með öllu sé útilokað að ákveða að friðun taki til virkjunarsvæðis eða svæða. Slikt hefði þurft að koma fram skýrum orðum í tillögunni, sbr. orðin „Hj eins vegar kemur til álita að vernda heil vatnasvið. Þau yrðu þá sett í verndarflokk og þar með allir hugsanlegir virkjunarkostir innan þeirra.“ Í engu tilviki voru heil vatnasvið sett í verndarflokk í rammaáætlun 2, þingsályktun 13/141 í öllum tilvikum er talað um virkjunarkosti. Friðanir eða tillögur verði því að taka mið af þessu, ekki kemur til álita að friða vatnsvið og árfarvegi nema rammaáætlun segi það berum orðum. Samorka leggur áherslu á að í þessum efnum sé vilji löggjafans skýr og engum vafa undirorpinn. Samorka bætir við að klemman verði mjög augljós ef málið er tekið einu skrefi lengra. Ef fallast ætti á túlkun ráðherra umhverfis- og auðlindamála um að friðun virkjunarkosts hljóti að taka til vatnasviðs og þá eftir atvikum niður að næsta virkjunarkosti í sömu á, þá sjái hver maður að það gangi ekki upp því neðri virkjunarkosturinn er á þá sama vatnsviði og sá efri og friðunin þá sjálfkrafa komin í klemmu (dilemma), virkjunarkostirnir í mótsögn, andstöðu við hvorn annan. Samorka heldur því fram að þetta hafi þeir séð sem skrifuðu texta greinargerðarinnar og tóku því skýrt fram að til þess að vatnasvið yrði friðað yrði það að koma skýrt fram í tillögu verkefnisstjórnar og þá eftir atvikum í þingsályktun Alþingis, féllist þingið á slíka tillögu. Það eigi ekki við í neinu tilviki í rammaáætlun 2 – þingsályktun 13/141 frá 2013. Samorka útskýrir að þó að þessi samantekt fjalli um vatnsafl, þá bendir allt til þess að í þessum tillögum um afmörkun svæða í jarðhitanytingu sé verið að gera sömu mistök og í umfjöllun um vatnsafl. Ekki sé greint á milli skilgreiningar á áhrifasvæði háhitans, virkjunarsvæðis og virkjunarkosta. Hafa þurfi í huga að í þingsályktun nr. 13/141 sé verið að friða virkjunarkostinn sjálfan en ekki áhrifasvæði háhitans í heild sinni. Til þess að áhrifasvæði háhitans í heild sinni verði friðað hefði sú friðun þurft að vera tilgreind sérstaklega með sama hætti og tilgreina þarf vatnasvið sérstaklega. Þá þurfi að hafa í huga að miklar framfarir hafa orðið í bortækni

og möguleikar á því að bora dýpri holur til nýtingar jarðhita hafa verið í þróun. Þetta geti þytt að mögulegir virkjunarkostir innan áhrifasvæðis geti orðið fleiri en ella. Eðlilegt væri að taka tillit til þessa, sbr. umfjöllun í greinargerðinni með lögnum um að aðferðir við nýtingu jarðhita geti haft áhrif á forsendur og skilgreiningar hér að lútandi. Það geti einnig haft áhrif á það hvort fleiri en einn virkjunarkostur sé fyrir hendi, sem aftur kalli á að tekin sé sjálfstæð afstaða til hvers þeirra áður en friðun er ákveðin.

Samorka gerir kröfu um að farið verði mun betur í gegnum allar forsendur fyrir ákvörðun um umfang friðunar samkvæmt þingsályktun nr. 13/141 frá 14. janúar 2013. Segir Samorka að með hliðsjón af lögskýringargögnum og skýrum vilja löggjafans sé ljóst að þær forsendur, sem lagðar eru til grundvallar þeim friðunum sem hér eru lagðar til, séu ekki fyrir hendi. Umfang tillögu að friðun sé einfaldlega allt of mikil. Ekki sé heimilt að tiltaka svæði í heild sinni, aðeins viðkomandi virkjunarkost.

Með bréfi, dagsettu 30. október 2019, segir Landsvirkjun að með ályktun Alþingis frá 14. janúar 2013, nr. 13/141 um vernd og orkunýtingu landsvæða hafi þingið einungis tekið afstöðu til flokkunar virkjunarkosta, verndarsvæði hafi ekki verið afmörkuð. Í 6. gr. laga nr. 48/2011 kemur fram að í verndarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar falli virkjunarkostir sem ekki er talið rétt að ráðast í og landssvæði sem ástæða er talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu að teknu tilliti til sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr. 3. gr. Samkvæmt ákvæðinu sé skýrt kveðið á um að í verndarflokk skuli tilgreina og flokka virkjunarkosti annars vegar og landssvæði sem friðlýsa á gagnvart orkuvinnslu hins vegar. Í ályktun Alþingis nr. 13/141 segi meðal annars: „Alþingi ályktar að eftirfarandi virkjunarkostir sem falla undir lög nr. 48/2011 skuli flokkaðir í eftirfarandi flokka.“ Í ályktuninni voru þannig landssvæði ekki afmörkuð til friðlýsingar líkt og lögin gera ráð fyrir. Landsvirkjun segir að tillaga Umhverfisstofnunar um mörk verndarsvæðis eigi því ekki stoð í ályktun þingsins. Í bréfi Landsvirkjunar kemur einnig fram að Landsvirkjun hafi unnið að undirbúningi að nýtingu jarðvarma í Gjástykki á annan áratug og hafi horft til nýtingar auðlindarinnar sem varasvæðis fáist ekki næg orka á öðrum nýtingarsvæðum Landsvirkjunar á Norðurlandi. Landsvirkjun hafi haft rannsóknarleyfi og unnið undirbúningsrannsóknir á svæðinu. Segir í bréfinu að áform um virkjun í Gjástykki séu í samræmi við Svæðisskipulag háhitavæða í Þingeyjarsýslum 2007-2015 og aðalskipulag Þingeyjarsveitar og að fyrir liggi samkomulag Landsvirkjunar við eigendur lands, bæði landeigendur Reykjahlíðar fyrir suðurhluta svæðisins og Þingeyjarsveit fyrir norðurhluta svæðisins. Talsverðar yfirborðsrannsóknir hafa farið fram og boruð hefur verið rannsóknarhola auk tveggja grunnvatnshola. Fyrir liggur mat á umhverfisáhrifum vegna rannsóknarborana. Yfirlit um stöðu verkefnisins kemur fram í skýrslunni Gjástykki, tilhögun virkjanakosts R3200B (LV-2014-130), sem lögð var fyrir verkefnastjórn rammaáætlunar. Landsvirkjun skýrir að í ljósi athugasemda við útfærslu virkjunar í Gjástykki í skýrslu verkefnastjórnar 2. áfanga rammaáætlunar hafi Landsvirkjun endurskoðað sín áform og lagt fram nýja útfærslu virkjunar fyrir 3. áfanga rammaáætlunar. Í henni hafi allar framkvæmdir hafi verið færðar út fyrir þau nýju hraun og jarðmyndanir sem einkenna svæðið og eingöngu hafi verið gert ráð fyrir stefnuboruðum holum (LV-2014-130). Þannig taldi fyrirtækið að komið hafi verið að

fullu til móts við þau sjónarmið sem voru höfð til hliðsjónar við röðun virkjunarkostsins í 2. áfanga rammaáætlunar. Verkefnisstjórn 3. áfanga lagði fyrir faghópa I og II að leggja mat á hvort forsendur hefðu breyst að því marki að meta skuli virkjun í Gjástykki að nýju. Varð það niðurstaða faghópanna að ekki væri um verulegar forsendurbreytingar að ræða og því var flokkun umræddra virkjunarkosta úr 2. áfanga rammaáætlunar látin halda sér. (08.07.2015). Landsvirkjun (í bréfum dagsettu 21.08.2015., 20.04.2016 og 03.08.2016, sjá viðhengi) andmælti niðurstöðu verkefnisstjórnar og skýrir að ekki hafi verið tekið tillit til þeirrar vinnu sem lögð hafi verið í nýja útfærslu með tilliti til rökstuðnings fyrir röðun í 2. áfanga. Landsvirkjun telur að verkefnisstjórn hafi ekki tekið til skoðunar þær breytingar sem gerðar voru á virkjunarkosti líkt og skylt er lögum samkvæmt. Landsvirkjun telur eðlilegt að ljúka endurskoðun á nýrrri útfærslu virkjunarkosts í rammaáætlun og eftir atvikum, afmarka friðlýsingarsvæði áður en tillaga að friðun sé borin upp.

Með bréfi, dagsettu 27. október 2019, fellst Pétur Snæbjörnsson, sem skrifar fyrir hönd Reynihlíðar ehf, ekki á að unnt sé að byggja friðlýsingu á þingsályktun frá árinu 2013 án þess að fyrir liggi skoðun og athugun á því hvort forsendur þær er lágu til grundvallar ákvörðuninni árið 2013 séu enn óbreyttar. Fyrir liggur að einnig var tillaga að þingsályktun lögð fram árið 2017 en hlaut ekki afgreiðslu og vinna vegna 4. áfanga rammaáætlunar er þegar hafin. Pétur telur fullt tilefni til að endurmeta eldri kosti og að hugsanlegt sé að slíkt endurmat geti leitt til breyttrar flokkunar. Hann bendir á að samkvæmt lögum nr. 48/2011 ber að endurskoða áætlunina á a.m.k. fjögurra ára fresti. Af því leiðir að skipan virkjanakosta í nánar tilgreinda flokka kann að taka breytingum og virkjunarkostir og svæði kunna að færast á milli flokka á grundvelli nýrra upplýsinga eða tillagna um breytingu á útfærslu þeirra kosta. Hann vekur athygli á skyldu stjórnvalda, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 48/2011, að ráðast í undirbúning að friðun þeirra svæða sem afmörkuð eru í verndarflokki verndar- og nýtingaráætlunarinnar strax í kjölfar samþykkis Alþingis, en samþykktin er frá 2013. Pétur segir að ekkert liggi fyrir um hvort að forsendur kunni hugsanlega að vera breyttar að einhverju leyti, t.a.m. vegna nýrra virkjunarkosta, nýrrar aðferðafræði, nýrra rannsókna og/eða nýrrar þekkingar og tækni. Í umsögninni bendir Pétur jafnframt á að eignarráð og atvinnufrelsi njóti verndar stjórnarskrárinna sbr. 72. og 75. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og því verði að fara varlega í allar takmarkanir á slíkum stjórnarskrárbundnum réttindum hlutaðeigandi aðila.

Með bréfum dagsettu 30. október 2019 lýsa Helgi Héðinsson, Erna Héðinsdóttir, Einar Héðinsson og Jóhannes Pétur Héðinsson því að þau telji gagnrýnivert að byggja málsmæferð friðlýsingu á þingályktun frá árinu 2013. Fyrir liggur að ný tillaga að þingsályktun var lögð fram árið 2017 eftir vinnu við 3. áfanga rammaáætlunar og að sú tillaga hafi ekki hlotið afgreiðslu. Vinna við 4. áfanga rammaáætlunar er þegar hafin. Telja þau fullt tilefni til að endurmeta eldri kosti og að slíkt endurmat geti hugsanlega leitt til breyttrar flokkunar. Samkvæmt lögum nr. 48/2011 ber að endurskoða áætlunina á a.m.k. fjögurra ára fresti og því er hún ekki varanleg. Landeigendurnir telja það koma til álita að vinna að friðlýsingu Gjástykki því svæðið sé um margt einstakt en engu að síður

sé ljóst að friðlýsing fari fram í þágu almennings og með henni séu eignarréttindi landeigenda skert. Það sé því grundvallaratriði að gæta þurfi að réttindum landeigenda vegna þess og telja þau friðlýsingu ekki eiga að fara fram án samþykkis eða samningsviðræðna þar að lútandi. Í því samhengi er vísað til þess að eignarréttindi njóti verndar stjórnarskrárinna sbr. 72. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og benda á að fara verði varlega í takmarkanir á þeim réttindum.

Í bréfi, dagsettu 30. október 2019, benda Guðrún María Valgeirs dóttir, R3 ehf, Bryndís Jónsdóttir, Sigurður Jónas Þorbergsson, Sigurður Baldursson, Garðar Finnsson, Hilmar Finnsson, Gísli Sverrisson, eigendur hluta jarðarinnar Reykjahlíðar, á að í bréfi Umhverfisstofnunar kemur ekki fram hvort og þá að hvaða marki Umhverfisstofnun hefur kannað tengsl háhita á svæðinu né hvaða áhrif friðlýsing eins svæðis, t.d. Gjástykkis, kæmi til með að hafa á nýtingu annara háhitavæða. Óska landeigendurnir ítarlegra upplýsinga um athuganir Umhverfisstofnunar á hugsanlegum áhrifum hinnar fyrirhuguðu friðlýsingar Gjástykkis, bæði varðandi efnislega þætti og fjárhagslegar afleiðingar gagnvart eigendum og öðrum rétthöfum jarðhita á svæðinu.

Umsögn Umhverfisstofnunar

Í janúar 2020 óskaði Umhverfisstofnun eftir afstöðu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins vegna innkominna athugasemda sem lúta að atriðum sem unnin voru með ráðuneytinu og varða málsmeðferð og aðferðarfræði sem notuð var við gert tillagnanna og afmörkun svæða.

Í svari ráðuneytisins, frá 7. febrúar 2020, segir að ráðuneytið hafi áður fjallað almennt um afmörkun verndarsvæða og vill ítreka það sem kemur fram á heimasíðu þess. Eins og fram hefur komið var þingsályktun nr. 13/141 vegna 2. áfanga rammaáætlunar unnin áður en málsmeðferðarreglur laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun tóku gildi en í þeim er fjallað um verklag verkefnistjórnar og faghópa við gerð rammaáætlunar, m.a. um afmörkun virkjunar- og verndarsvæða. Verkefnistjórn hafði því ekki það hlutverk á þeim tíma að vinna afmörkunina sem hluta af tillögum sínum og afmörkun kostanna kom ekki til umfjöllunar á Alþingi. Þegar Alþingi samþykkti rammaáætlun 2013 tók gildi 4. mgr. 6. gr. laga nr. 48/2011 um verndar og orkunýtingaráætlun sem leggur skylda á stjórnvöld að hefja undirbúning að friðlýsingu landsvæða sem ástæða þykir til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu samkvæmt verndarflokki áætlunarinnar. Vísað er til athugasemda við ákvæðið í frumvarpi því er varð að lögum nr. 48/2011 þar sem segir um 6. gr.: „Í 4. mgr. er lögð sú skylda á stjórnvöld að ráðast í undirbúning að friðun þeirra svæða sem afmörkuð eru í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunarinnar þegar eftir að Alþingi hefur samþykkt hana.“ Í þeirri vinnu fólst m.a. að afmarka þau landssvæði sem friðlýsa bæri gegn orkuvinnslu. Fyrirhugaðar friðlýsingar byggja á þeirri áætlun og því var það ekki orðið lögbundið hlutverk verkefnistjórnarinnar að afmarka verndarsvæðin fyrr en eftir að fyrsta verndar- og orkunýtingaráætlunin var samþykkt á Alþingi. Þar sem afmörkun svæðanna sjálfrá kom ekki fram í þingályktuninni var horft til áðurnefndar greinargerðar við frumvarpið um það hvernig eigi að afmarka svæðin þar

sem segir „Virkjunarsvæði í vatnsafli miðast almennt við allt vatnasvið fallvatnsins ofan þeirrar virkjunar sem nýtir fallið og farveg fallvatnsins neðan virkjunar.“ Síðar segir í greinargerðinni „[e]f fallið er ekki allt á einum stað geta verið fleiri en einn virkjunarstaður í fallvatninu.“ Í samræmi við þessa umfjöllun voru verndarsvæðin afmörkuð þannig að um væri að ræða allt vatnasvið fallvatns ofan stíflu og meginfarveginn neðan stíflu. Ef annan virkjunarkost er að finna neðar í viðkomandi fallvatni sem hefur verið flokkað í nýtingar- eða biðflokk nær verndarsvæðið að efstu mörkum fyrirhugaðs lóns þeirrar hugsanlegu framkvæmdar. Hvað varðar athugasemdir um að flokkun virkjunarkosts í verndarflokk eigi ekki sjálfkrafa að leiða til friðlýsingar svæðisins bendir ráðuneytið á að samkvæmt 6. gr. laga nr. 48/2011, falla í verndarflokk virkjunarkostir sem ekki er talið rétt að ráðast í og landsvæði sem ástæða er talin til að friðlýsa gegn orkuvinnslu. Þá segir jafnframt að stjórnvöld skuli, þegar Alþingi hefur samþykkt verndar- og orkunýtingaráætlun, hefja undirbúning að friðlýsingu þeirra landsvæða. Að mati ráðuneytisins eru ákvæði laganna skýr hvað varðar skyldu stjórnvalda til að friðlýsingu þess landsvæðis þar sem viðkomandi virkjunarkost er að finna. Hvað varðar athugasemd um friðlýsingu heilla vatnasviða vísar ráðuneytið aftur til þeirrar umfjöllunar sem fram kemur í umræddri greinargerð og þeirra leiðbeininga sem þar er að finna.

Í svari ráðuneytisins segir einnig að ráðuneytið hafni því að sú málsmeðferð sem viðhöfð var við afmörkun friðlýsingarsvæðisins sé ólögmæt eða óréttmæt og vísar í svör sín í málsgreininni hér að framan. Ráðuneytið ítrekar að þar sem afmörkun friðlýsingasvæða var ekki orðið að lögbundnu hlutverki verkefnisstjórnar 2. áfanga rammaáætlunar hafi það verið skylda stjórnvalda að láta vinna slíka afmörkun sem var unnin í samræmi við þau lögskýringargögn sem nefnd eru í fyrrgreindu svari til Samorku. Að því er varðar þær athugasemdir að Landsvirkjun hafi lengi unnið að undirbúningi að nýtingu jarðvarma í Gjástykki vill ráðuneytið taka fram eftirfarandi; Fram að gildistöku nágildandi í júní 2004 hafi allur Skútustaðahrepur verið friðlýstur sbr. eldri lög um verndun Mývatns- og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Umhverfisstofnun hafi, með bráðabirgðarákvæði við lög nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, verið falið að hefja undirbúning að friðlýsingu landssvæða sem ekki féllu undir ákvæði 1. mgr. 2. gr. laganna en sem eigi síður væri mikilvægt að vernda sakir mikilvægis þeirra fyrir lífríki Laxár og Mývatns eða vegna merkra jarðmyndana og landlagsaðgerða. Af þessu er ljóst að Landsvirkjun mátti fyrir löngu vera kunnugt um vilja stjórnvalda til að friðlýsa umrætt svæði. Vegna athugasemda Landsvirkjunar um að fyrirtækið hafi lagt fram nýja útfærslu á virkjunarkosti í Gjástykki fyrir verkefnisstjórn 3. Áfanga rammaáætlunar vill ráðuneytið benda á að unnið sé að friðlýsingu svæðisins á grunni niðurstöðu 2. áfanga rammaáætlunar, þar sem virkjunarkostum var raðað í verndar-, bið- eða orkunýtingaflokka. Þessi röðun er enn í gildi og heldur hún gildi sínu þar til Alþingi samþykkir nýja þingsályktun um málið.

Hvað varðar athugasemdir þess efnis að gildistími þingsályktunarinnar sem friðlýsing Gjástykks byggir á bendir umhverfis- og auðlindaráðuneytið á, í erindi sínu frá 24. apríl 2019 sem vísað var til fyrr í þessari greinargerð, að svo að umrædd þingsályktun sé

frá árinu 2013 þá heldur áætlunin gildi sínu eftir að hún hefur verið samþykkt á Alþingi og fellur því ekki úr gildi fjórum árum síðar. Réttaráhrif flokkunar virkjunarkosts í orkunýtingarflokk, biðflokk og verndarflokk koma fram í 4.-6. gr laganna. Hvað varðar flokkun virkjunarkosts í verndarflokk kemur skýrt fram í 4. mgr. 6. gr. að „stjórnvöld skulu þegar Alþingi hefur samþykkt verndar- og orkunýtingaráætlun hefja undirbúning að friðlýsingu landsvæða sem ástæða þykir til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu samkvæmt verndarflokki áætlunarinnar. Um friðlýsingu vegna náttúruverndar fer samkvæmt lögum um náttúrvernd en um friðlýsingu vegna menningarsögulegra minja fer samkvæmt þjóðminjalögum.“ Þá bendir ráðuneytið á að þó svo að endurskoðuð verndar- og orkunýtingaráætlun hafi ekki verið samþykkt á Alþingi breytir það ekki flokkun þeirra virkjunarkosta sem þegar hafa verið flokkaðir í gildandi áætlun og þeim réttaráhrifum sem slík flokkun hefur í för með sér. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið telur því þingsályktun sem Alþingi samþykkti þann 14. janúar 2013 vera í fullu gildi.

Varðandi athugasemdir um hvort Umhverfisstofnun hafi kannað tengsl háhita á svæðinu og hvernig áhrif friðlýsing Gjástykkis hafi á nærliggjandi svæði, þá hefur Umhverfisstofnun það skyra hlutverk að vinna að friðlýsingu þeirra kosta sem flokkaðir eru í verndarflokk og það er hlutverk faghópa hjá rammaáætlun að meta áhrif fyrirhugaðar friðlýsingar. Það er ekki hlutverk stofnunarinnar að gera athuganir á tengslum háhita né hvaða áhrif friðlýsingin hefur á nýtingu annarra svæða enda er Umhverfisstofnun ekki rannsóknarstofnun og hefur ekki þetta hlutverk sem vísað er til í athugasemdunum. Þingsályktunin sem hefur verið samþykkt á Alþingi byggir á vísindalegum gögnum.

Varðandi athugasemdir um áhrif friðlýsingarinnar á efnislega þætti og fjárhagslegar afleiðingar landeigenda þá hefur Umhverfisstofnun ekki áætlað upphæð tjónbóta enda er það hlutverk landeigenda að sýna fram á fjárhagslegt tjón. Nánari umfjöllun um bótarett má finna í 4. kafla þessarar greinargerðar.

Hvað varðar ábendingar um að fara verði varlega í allar takmarkanir á stjórnarskrárvörðum eignarétti og atvinnufresi landeigenda þá bendir Umhverfisstofnun á ákvörðun um friðlýsingu svæða felur í sér lögbundna takmörkun á þeim réttindum sem takmarka hagnýtingarheimildir landeigenda til að stuðla að markmiðum náttúruverndarliga. Í V. kafla athugasemda við frumvarp það sem varð að lögum um náttúruvernd er fjallað um samræmi við stjórnarskrá en þar segir m.a. að löggjöf um náttúruvernd geti haft margvísleg áhrif á heimildir landeigenda og annarra réthafa lands til nýtingar og framkvæmda á landi sínu. Hún geti þannig falið í sér takmarkanir á eignarheimildum sem njóta verndar 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar og að þrátt fyrir að stjórnarskrárvæðið sjálft kveði ekki á um aðrar heimilar skerðingar á eignarrétti manna en þær sem talist geta til eignarnáms, og þá gegn fullum bótum, sé það viðurkennt í íslenskum rétti að löggjafanum sé heimilt að mæla fyrir um almennar takmarkanir eignarréttar sem ekki hafa í för með sér bótaskyldu ríkisins. Með almennum takmörkunum í þessu samhengi er vísað til heimilda yfirvalda til að setja notkun og ráðstöfun eigna skorður vegna almannahagsmuna. Í athugasemdunum kemur einnig fram að ábyrgð á vernd náttúru Íslands hvíli sameiginlega á herðum allra landsmanna en að

áhrif ákvarðana sem nauðsynlegt sé að taka kunni að koma misjafnlega niður. Jafnframt er tekið fram að þær ákvarðanir sem hafa í för með sér mestar takmarkanir á stjórnarskrárvörum réttindum landeigenda séu ákvarðanir um friðlýsingu svæða og í því samhengi er vísað til breytinga sem frumvarpið fól í sér á framkvæmd og undirbúningi friðlýsinga í því skyni að auka skilvirkni og árangur þeirra, m.a. að ákvarðanir feli í sér stjórnvaldsákvörðun gagnvart landeigendum og því verði að gæta stjórnsýslulaga við undirbúning og birtingu ákvörðunar. Þá segir í athugasemdunum að afar mikilvægt sé að vanda það hagsmunamat sem felst í ákvörðun um friðlýsingu og að því meiri og íþyngjandi áhrif sem fyrirhuguð friðlýsing hafi á hagsmuni landeigenda því mun brýnni þurfi nauðsyn á vernd að vera. Í þessu samhengi er það rakið að með frumvarpinu sé með ýmsum hætti reynt að gæta hagsmuna þegar kemur að ákvörðun um friðlýsingum, m.a. með því að tryggja þeim rétt til að gera athugasemdir við friðlýsingarskilmála áður en ákvörðun um friðlýsingu er tekin og með því að kveða á um rétt landeigenda eða rétthafa til bóta vegna friðlýsingar sem hindrar nýtingu hans á landinu eða gerir hana til muna erfiðari.

Í VIII. kafla athugasemda við frumvarp það er varð að lögum nr. 48/2011 um verndar og orkunýtingaráætlun er að finna umfjöllun um efni frumvarpsins og ákvæði stjórnarskrárinnar en þar segir m.a. að því marki sem virkjunarkostir sem eru innan eignarlanda eru ekki í eigu ríkisins kunni flokkun virkjunarkosta í bið og verndarflokk að hafa áhrif á eignarréttindi einkaaðila og lögaðila. Hvað verndarflokkinn varðar er vísað til þess að um sé að ræða virkjunarkosti og landsvæði sem Alþingi metur á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga og á grundvelli almennra viðmiða að snerti sérstaklega ríka verndarhagsmuni sem ekki sé réttlætanlegt að fórnar með tilliti til orkunýtingarhagsmuna og því skuli hefja friðlýsingarferli samkvæmt náttúruverndarlögum sem miðar að því að friðlýsa viðkomandi svæði gagnvart orkuvinnslu. Vísað er til þess að í náttúruverndarlögum sé mælt fyrir um ákveðið ferli sem tryggi að haft verði samráð við landeigendur og aðra hagsmunaaðila og að leitað verði eftir samkomulagi um friðunina, sbr. 58. gr. laganna. Þannig segir í athugasemdunum að frumvarpið mæli í sjálfa sér eingöngu fyrir um ákveðna málsmeðferð og tryggi að komu Alþingis að móturn stefnu um landnýtingu og þar eð sampættingu þeirra ólíku en ríku almannahagsmuna sem í húfi eru. Í því felist að ákvarðanir sem áður voru alfarið hjá stjórnvöldum færast að ákveðnu marki til Alþingis í formi almennrar stefnumörkunar að undangengnu samræmdu og faglegu mati á viðkomandi landsvæðum og virkjunarkostum. Þá segir að með hliðsjón af framangreindu og þeim viðtæku takmörkunum sem heimild til orkuvinnslu innan sem og utan eignarlanda hefur sætt og sætir enn og þeim ríku almannahagsmunum sem í húfi eru sem og því að áætlunin sæti reglubundinni endurskoðun verði ekki séð að frumvarpið feli í sér bótaskyldar takmarkanir á réttindum sem varin eru af 72. og 75. gr. stjórnarskrárinnar. Að lokum segir þó að ekki sé útilokað að endanleg ákvörðun um friðlýsingu landsvæða sem tekin sé með hliðjón af verndar- og nýtingaráætlun kunni í einhverjum tilvikum mögulega að leiða til bótaskyldu gagnvart landeiganda og þá aðeins ef landeigandi getur sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni.

4. Bótaréttur

Garðar og Hilmar Finnssynir og Daði Lange Friðriksson gera kröfu um bætur vegna fjárhagstjóns sem þeir telja sig verða fyrir við ákvörðun ríkisvaldsins um ótímabæra friðlýsingu háhitasvæðis Gjástykkis.

Helgi Héðinsson, Erna Héðinsdóttir, Einar Héðinsson og Jóhannes Pétur Héðinsson leggjast gegn fyrirhugaðri friðlýsingu og áskilja sér fullan bótarétt verði ekki fallið frá friðlýsingaráformunum.

Pétur Snæbjörnsson leggst gegn fyrirhugaðri friðlýsingu og áskilur sér fullan bótarétt þar að lútandi.

Bryndís Jónsdóttir lýsir sig algjörlega mótfallinni friðlýsingu Gjástykkis og áskilur sér fullan rétt til bóta í samræmi við lög þar að lútandi.

Guðrún María Valgeirs dóttir, R3 ehf, Bryndís Jónsdóttir, Sigurður Jónas Þorbergsson, Sigurður Baldursson, Garðar Finnsson, Hilmar Finnsson og Gísli Sverrisson, eigendur hluta jarðarinnar Reykjahlíðar, andmæla eindregið hinni fyrirhuguðu friðlýsingu sem þeir telja augljóst að muni valda þeim fjárhagslegu tjóni langt umfram afleiðingar almennra takmarkana eignarréttar, hin fyrirhugaða friðlýsing sé í reynd eignarnám. Landeigendurnir telja ljóst að þeir og viðsemjendur þeirra eigi mikill hagsmuna að gæta gagnvart hinni fyrirhuguðu friðlýsingu. Landeigendur reikna með því að Umhverfisstofnun hafi áætlað fjárhæð þeirra tjónbóta sem ríkissjóður ber ábyrgð á gagnvart hlutaðeigandi tjónþolum ef til friðlýsingaráformunum kæmi.

Svar Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun bendir á að í 42. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er fjallað um rétt til bóta vegna friðlýsingar. Í bréfi til landeigenda, dags. 23. júlí 2019, var gerð grein fyrir efni greinarinnar og landeigendum kynntur bótaréttur. Þar kemur fram að ef friðlýsing hindri fyrirhugaða nýtingu landeigenda eða rétthafa lands á landinu eða geri hana til muna erfiðari, umfram það sem teljast má til almennra takmarkana eignarréttar, skuli landeigandi eða rétthafi lands eiga rétt á bótum fyrir fjárhagslegt tjón sem hann verður fyrir og getur sýnt fram á að sé verulega umfram þær takmarkanir sem finna má í sambærilegum friðlýsingum eða ákvörðunum. Landeigendur og aðrir rétthafar lands sem telja sig eiga rétt til bóta skulu bera fram bótakröfu við ráðherra innan þriggja mánaða frá birtingu ákvörðunar um friðlýsingu. Ef ekki næst samkomulag um bætur skal ákveða þær með eignarnámsmati. Í ljósi þessa getur athugasemd landeigenda til Umhverfisstofnunar á kynningartíma tillögu að friðlýsingu ekki talist fullnægjandi kröfugerð til bóta á grundvelli ofangreinds ákvæðis náttúruverndarlaga enda virkjast bótaréttur ekki fyrr en ákvörðun friðlýsingar er birt. Landeigendum er því bent á að bera verður fram bótakröfu við umhverfis- og auðlindaráðherra innan þriggja mánaða frá birtingu ákvörðunar um friðlýsingu.

5. Annað

Guðrún María Valgeirsdóttir, R3 ehf, Bryndís Jónsdóttir, Sigurður Jónas Þorbergsson, Sigurður Baldursson, Garðar Finnsson, Hilmar Finnsson og Gísli Sverrisson, eigendur hluta jarðarinnar Reykjahlíðar, gera athugasemd um að þeir eigi stóran hluta þess háhitasvæðis sem hin fyrirhugaða friðlýsing beinist að og auk þess eiga þeir landsvæði sem liggja að hinu friðlýsta svæði, á hverjum eru háhitasvæði sem tengjast háhitasvæði Gjástykkis. Fram kemur einnig að landeigendur hafa gert samninga við Landsvirkjun um nýtingu jarðhita á aðliggjandi svæðum.

Með bréfi dagsettu 21. október 2019 gera Ríkiseignir ekki athugasemdir við tillögu að friðlýsinguna háhitasvæðis Gjástykkis: 100 Gjástykki.

6. Afgreiðsla Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun vísar til þess að skv. 2. mgr. 39. gr. náttúruverndarlaga ber stofnuninni að gera umhverfis- og auðlindaráðherra grein fyrir hvort náðst hafi samkomulag um friðlýsinguna við hlutaðeigandi aðila. Umhverfisstofnun hefur unnið úr framangreindum athugasemdum sem bárust á auglýsingartíma.

Í 53. gr. náttúruverndarlaga er að finna skýr ákvæði um inntak friðlýsingarskilmála um friðlýsinguna svæða í verndarflokkni verndar og orkunýtingaráætlunar. Friðlýsingar á grundvelli laga um vernd- og orkunýtingaráætlun hafa þannig þá sérstöðu að skilmálar friðlýsingar eru afmarkaðir við bann við orkuvinnslu. Ekki er um aðrar reglur að ræða, umsjón né uppbyggingu innviða á þeim grundvelli sem annars eru viðfangsefni undirbúnings og samráðs um friðlýsinguna. Framkomnar athugasemdir varða einkum afmörkun fyrirhugaðs verndarsvæðis og málsmeðferð varðandi þá afmörkun sem umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur tekið skýra afstöðu til.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir þær athugasemdir sem borist hafa og telur að samkomulag hafi ekki náðst við hlutaðeigandi aðila með vísun til þeirra athugasemda sem bárust.

Stofnunin hefur með bréfi dagsettu 23. júlí 2019 kynnt hlutaðeigandi aðilum ákvæði sem gilda um rétt til bóta.

Með vísan í 2. mgr. 39. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og þess sem að framan segir
vísar Umhverfisstofnun hér með tillögu um friðlýsingu virkjunarkosts á háhitasvæði
Gjástykkis: 100 Gjástykki til umhverfis- og auðlindaráðherra.

Virðingarfyllst

Freyja Pétursdóttir
Freyja Pétursdóttir
sérfræðingur

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri